

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Hornafirði, 4. júní 2024
nr. erindis 202405087 ÁEH

Málefni: Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030, 1036. mál.

Inntak vinnunnar er í heildina mjög gott og snertir á mörgum mikilvægum þáttum ferðaþjónustunnar. Því fagnar Sveitarfélagið Hornafjörður.

Eins og kemur réttilega fram í stefnumörkuninni er ferðaþjónustan ein af stærstu atvinnugreinum á Íslandi, og í Hornafirði er hún bæði lykilatvinnugrein og einn af hornsteinum samfélagsins. Nefnum við hér nokkra þætti sem við teljum þurfa að ítreka sérstaklega með framtíð atvinnugreinarinnar og samfélagsþróun í huga.

Liður C.10. Uppbygging millilandaflugs styðji við dreifingu ferðamanna.

Markmið með liðnum er að ferðamenn hafi aukið aðgengi að áfangastöðum á Íslandi allt árið um kring. Vill bæjarráð Hornafjarðar koma því á framfæri að á svæðinu eru margar af stærstu seglum landsins í ferðaþjónustu og mikil uppbygging framundan í atvinnugreininni. Myndi því geta Hornafjarðarflugvallar til að taka á móti millilandsflugi vera mikilvæg samgöngubót fyrir gesti landsins.

Liðir E2, E3, E4 og E7. Menntun og bætt öryggi ferðamanna

Tekið er undir hvert orð um mikilvægi menntunar og eflingu náms þegar lítið er til gæða- og öryggismála í ferðaþjónustu. Á það ekki síst við um starfsemi innan þjóðgarða, sem snertir okkar svæði mjög ápreifanlega þar sem 60% sveitarfélagsins er innan Vatnajökulspjóðgarðs. Í kjölfar aukinnar afþreyingarferðaþjónustu á svæðinu og landinu öllu þróaði Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu námsskrá í Fjallamennskunámi sem boðið hefur verið upp á um áraskeið. Skiptist það í grunn- og framhaldsnám sem er 60 einingar hvort og skiptist bæði í verklega vettvangsáfangu og bóklegt fjarnám. Klári nemandi allt námið hefur hann hlotið alþjóðlega AIMG vottun í fjallamennsku. Hefur það reynst sem traustur grunnur fyrir leiðsögn í afþreyingarferðaþjónustu, sem eykur bæði gæði og öryggi í ævintýraferðamennsku.

Liðir A.1. Grunninnviðir fyrir rannsóknir, greiningu og stefnumótun í ferðaþjónustu, C.5. Styrking umgjarðar um áfangastaði í skipulagsgerð og C.3. Fjármögnun og rekstur áfangastaða, ásamt endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Við fögnum mjög þeirri áherslu að bæta gagnabanka vegna atvinnugreinarinnar og að auka rannsóknir, og viljum í því samhengi benda á mikilvægi þess að hluti fjármagnsins fari í svæðisbundin verkefni þar sem þörfin liggur hverju sinni.

Varðandi endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða þá viljum við koma á framfæri mikilvægi þess að niðurstaða um úthlutun liggi fyrir fyrir á árinu svo skapist svigrúm til að bjóða verkið út fyrir framkvæmdir sumarsins.

Við stefnumótun þarf að tryggja að fjármagn fylgi til nauðsynlegrar og sjálfbærrar uppbyggingar á fjölförnum ferðamannastöðum. Leggjum við því ríka áherslu á að sveitarfélögin fái aukið fjármagn vegna atvinnugreinarinnar beint í sína tekjustofna. Ísland sem áfangastaður á að geta staðið myndarlega að allri þeirri innviðauppbyggingu og þjónustu sem þörf er á til að hlúa myndarlega ferðaþjónustusamfélögum. Teljum við það vera heillavænlega leið til að tryggja framgang stefnu til ársins 2030 sem hér er lögð fram í ferðamálum.


Virðingarfyllst

Árdís Erna Halldórsdóttir
Atvinnu- og ferðamálafulltrúi
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Árdís Erna Halldórsdóttir

Tími: 04.06.2024 12:04
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með  OneSign